



Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

---

***Tilkynning um mögulegt brot vegna ákvörðunar ÍR um að leggja niður meistaraflokk kvenna í handknattleik***

Þann 16. apríl s.l. barst mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu tilkynning um mögulegt brot vegna ákvörðunar ÍR um að leggja niður meistaraflokk kvenna í handknattleik. Meðfylgjandi er minnisblað um erindið og afgreiðslu þess.

Virðingarfyllt

Anna Kristinsdóttir

Hjálagt:  
Minnisblað um mögulegt brot á mannréttindastefnu borgarinnar



Reykjavík, 12.5.2020

R20050109

Lagt fyrir fund mannréttinda,- nýsköpunar,- og lýðræðisráðs 14. maí 2020

## Minnisblað

**Viðtakandi:** Mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráð

**Sendandi:** Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa

---

*Efni: Tilkynning um mögulegt brot m.a. á mannréttindastefnu borgarinnar*

**Tilkynning til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborg um mögulegt brot m.a. á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar:**

Þann 16. apríl s.l. barst tilkynning til mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu, ásamt afriti til fulltrúa í mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði, um mögulegt brot á mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar.

Málið snérist um þá ákvörðun stjórnar handknattleiksdeildar ÍR að leggja niður meistaraflokk kvenna í handbolta en halda áfram með meistaraflokk karla. Fram kom í umræðum að ákvörðunin hefði verið tekin til að spara fjármuni.

Óskað var eftir að mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar tæki eftirfarandi til skoðunar:

1. Er ÍR með þessari ákvörðun að brjóta mannréttindastefnu borgarinnar?
2. Er ÍR með þessari ákvörðun mögulega að brjóta samninga sem félagið hefur gert við Reykjavíkurborg?
3. Hvaða áhrif hefur það á samningssamband við Reykjavíkurborg að félagið brjóti jafnréttisstefnu sína nánast viljandi?

**Fyrirspurn mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu til ÍR:**

Þann 17. apríl sendir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa formanni ÍR fyrirspurn um málið.

Greint var frá því að í tölvupósti sem sendur var mannréttindastjóra og mannréttinda-, nýsköpunar- og lýðræðisráði dags. 16. apríl sé bent á mögulegt brot ÍR á mannréttindastefnu borgarinnar og einnig á samningum borgarinnar og ÍR. Ástæðan væri ákvörðun stjórnar handknattleiksdeildar ÍR um að leggja niður meistaraflokk kvenna í handknattleik í sparnarðarskyni en halda áfram með meistaraflokk karla.

Í tölvupóstinum benti mannréttinda- og lýðræðisskrifstofan á 13. grein samnings sem ÍBR gerir við íþróttafélögin í borginni fyrir hönd borgarinnar. Þar segir m.a. að ÍBR og íþróttafélögin skuli sjá til þess að allir njóti jafnra tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir óháð m.a. kyni.

Einnig komi fram í 13. greininni að fylgja þurfi mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar, og var bent á kafla 2. um jafnrétti kynjanna.

Þá segi einnig í samningnum að félögin skuli hafa virka jafnréttisstefnu og að í grein 1.1. í jafnréttisstefnu ÍR segir:

ÍR úthlutar jafn mörgum tímum til æfinga til beggja kynja sem stunda æfingar innan sömu greinar og eru á sama aldri. Félagið úthlutar tíma í samræmi við aldur. Þess er gætt að bæði kyn njóti þess að vera á „jafngóðum“ tíma dagsins

Óskað var eftir svörum sem fyrst við því hvort þessi ákvörðun handknattleiksdeildar hafi verið samþykkt af aðalstjórn ÍR og hafi tekið gildi eða hvort málið sé ennþá í vinnslu innan félagsins.

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa bauð upp á frekara samtal um málið en einnig var bent á að hennar hlutverk væri að fylgja eftir mannréttindastefnu borgarinnar og að málið yrði tekið upp á vettvangi mannréttinda, nýsköpunar- og lýðræðisráðs þegar formleg svör hafi borist.

### **Tilkynnandi látinn vita um fyrirspurn til ÍR:**

Tilkynnanda var þakkað kærlega fyrir erindið og framsend fyrirspurnin sem send var til ÍR samdægurs eða þann 17. apríl s.l.. Í pósti til tilkynnanda var tilgreint að þar sem fram hafi komið í erindi tilkynnanda að enn væri ekki ljóst hvort þessi ákvörðun yrði dregin til baka og að ákvörðunin hefði ekki farið fyrir aðalstjórn hafi ÍR verið gefið tækifæri til þess að breyta þessari ákvörðun. Tilkynnandi þakkaði kærlega fyrir þetta.

### **Svar formanns ÍR:**

Formaður ÍR svaraði erindinu 1. maí 2020.

Fram kom að aðalstjórn ÍR hafi ekki samþykkt ákvörðun handknattleiksdeildar um að hætta með meistaraflokk kvenna. Aðalstjórn ÍR hafi ekki borist erindi um málið né hafi stjórnin haft tækifæri til að fjalla um þessa ákvörðun handknattleiksdeildar sem hafi nú reyndar verið afturkölluð.

Fram kom í svarinu að deildirnar skipa sínum málefnum sjálfar. Deildirnar er skipaðar af sjálfboðaliðum, eins og reyndar aðalstjórn líka.

Fram kom í svarinu að fjármagn sé af skornum skammti og lítið fjárframlag komi frá opinberum aðilum til að halda úti starfi í deildunum sem hefur þá aðallega áhrif á meistaraflokkana því barnastarfið er fjármagnað að mestu með æfingargjöldum.

ÍR sé með jafnréttisstefnu en ekkert fjármagn sé til að leggja með þeirri stefnu. Skortur sé á sjálfboðaliðum og aðalstjórn ÍR hafi ekki tök á því að skipa sjálfboðaliðum hvert þeir leggi sína vinnu. ÍR eins og önnur íþróttafélög á landinu finni fyrir því að sjálfboðaliðum sé að fækka og því færri hendur til að afla fjármagns eða til að leggja fram vinnu.

Sjálfboðaliðar hafi nú gefið kost á sér til að halda úti meistaraflokk kvenna í handboltanum. Þeim hafi þegar tekist að afla einhvers fjármagns í reksturinn og skipað hafi verið meistaraflokksráð kvenna sem mun aðstoða.

**Póstur til formanns ÍR vegna svars hans:**

Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa sendi formanni ÍR tölvupóst 12. maí þar sem þakkað er fyrir svarið og glaðst yfir þeim stuðningi sem samfélagið í Breiðholti sýndi meistaraflokki kvenna. Í svarinu er einnig tilgreind styrkuppheð borgarinnar vegna starfs ÍR. Jafnframt var bent á að það væri litið svo á að íþróttafulltrúi ásamt framkvæmdastjóra sæi um að fylgja eftir jafnréttisstefnu félagsins auk þess ætti að flétta jafnréttismál við allt starf félagsins.

**Greiðslufirlit 2020 - styrkir Reykjavíkurborgar til ÍR (ÍBR sem sér um greiðslur):**

Íþróttafulltrúi	10.700.000
Rekstur skrifstofu	11.843.000
Styrkur vegna fjölda deilda og iðkenda	2.555.000
Styrkur vegna sumarstarfs	1.062.000
Styrkur til rekstur íþróttahúss og félagsaðstöðu	17.994.000
Styrkur til greiðslu á fasteignasköttum	7.416.000
Umhirða og umsjón á velli og vegna afnota af bað- og búningsklefum	6.769.000
Rekstur skíðaskála	2.124.000
<b>Samtals:</b>	<b>60.463.000</b>

Hér eru ekki tilgreindar fjárhæðir vegna sumarstarfa ungmenna hjá félögunum sem borgin greiðir fyrir eða hirðing íþróttavalla sem ÍTR sér um.